



Önnin senn að enda komin

Nú er komið að lokum vorannar 2014. Kennslu lýkur 7. maí og prófin hefjast fimmtudaginn 8. maí. Miðvikudaginn 7. maí er ekki mætingaskylda. Kennarar verða í stofum milli kl. 10 og 12 reiðubúnir til að leiðbeina nemendum ef þeir þurfa aðstoð. Nánari upplýsingar um hvar finna má mismunandi námsgreinar á þessum degi má sjá [hér](#).

Prófin hefjast óvenju seint vegna verkfalls framhaldsskólakennara. Prófadögum verður þó ekki fækkað og útskriftin verður 24. maí eins og fyrirhugað var áður en til verkfalls kom. Það þýðir að óvenju stuttur tími er á milli próflokka og brautskráningar. Því má búast við að annarlokinn verði óvenju annasöm fyrir starfsmenn skólans. Próftöflu fyrir vor 2014 má sjá [hér](#).

Mikilvægt að mæta í próf

Því er ekki að neita að verkfall framhaldsskólakennara hefur haft neikvæð áhrif á skólagöngu margra nemenda. Þrátt fyrir aðvaranir skólayfirvalda fóru margir nemendur að slá slöku við talsvert áður en til verkfalls kom og eru því núna í vandræðum. Aðrir nemendur hafa átt erfitt með að ná sér á strik í kjölfar verkfallsins.

Við skorum á nemendur að gefast ekki upp og leggja sig alla fram í prófunum sem framundan eru. Vegna þess að önnin var erfið viljum við koma til móts við nemendur og létta af þeim einhverjum áhyggjum. Þeir nemendur sem mæta í öll próf eiga vísa skólavist á næstu önn. Við munum ekki hafna neinum nemanda um skólavist á haustönn 2014 sem mætir í öll vorpróf. Gildir það jafnt um nemendur á samningi sem og aðra nemendur. Jafnframt beinum við þessu til forráðamanna að hvetja nemendur til að lesa fyrir öll próf og mæta í öll próf. Þannig er hægt að tryggja að ekki komi til höfnunar skólavistar á næstu haustönn.

Nemendur geta tryggt sér skólavist á næstu önn með því að mæta í öll próf.

Sýningar á lokaverkefnum nemenda

Leiklist

Síðasti opni tíminn verður í spunaáfangi á dag föstudag klukkan 16:00. Aðrir nemendur í leiklist hafa þegar lokið við að sýna sín verk og er óhætt að segja að góður rómur hafi verið gerður að þeim sýningum.

Myndlist

Nemendur í lokaáfangi á myndlistarbraut opna sýningu á lokaverkum sínum í Gróskusalnum á Garðatorgi 2. hæð við hliðina á versluninni Víði - þriðjudaginn 6. maí kl. 17.00 - 19.00. Boðið verður upp á veitingar. Sýningin verður opin í viku.

Textíl

Tískusýningin verður á Kjarvalsstöðum 9. maí kl. 20, húsið opnar kl. 19.30 - 15 nemendur í lokaáfangi í fatahönnun sýna verk sín.



Dimittentar á vorönn 2014 í FG